

Gæðaviðmið

um gerð og innihald marklýsinga í sérnámi lækna

Inngangur

Gæðaviðmið þessi eru eingöngu lágmarksviðmið, sem þýðir að marklýsingar hljóta ekki samþykki mats- og hæfisnefndar nema að uppfylltum þeim lágmarksskilyrðum sem hér koma fram. Marklýsingar geta innihaldið meira efni en eingöngu það sem lágmarksviðmið þessi lýsa. Lágmarksviðmiðin eru sett fram sem fyrirsagnir sem má afrita beint inn í hverja marklýsingu og rita síðan innihalds-texta hvernar marklýsingar undir hverri fyrirsögn. Viðbótar-fyrirsagnir og viðbótar-texti er oftast nauðsynlegur fyrir hverja marklýsingu fyrir sig, undir stjórn þeirra aðila sem semja og bera ábyrgð á hverri marklýsingu. Marklýsing sérnáms í læknisfræði má vera á erlendu máli (skandinavísku máli eða ensku), en þarf að hafa greinargóðan inngang á íslensku og útskýringar á erlendum heitum og hugtökum, ef þær útskýringar eru ekki í Almennum viðmiðum og leiðbeiningum um sérnám á Íslandi (Gullbókin) sem mats- og hæfisnefnd gefur út. Marklýsing sérnámsgrunns skal vera alfarið á íslensku.

Gæðaviðmið.

1.0

Forsendur.

Reglugerð nr. 856/2023, um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, kveður á um skipulag og stýringu sérnáms í sérgreinum lækninga. Í 22. – 24. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um starfsemi og hlutverk mats- og hæfisnefndar (MHN). Þar kemur m.a. fram að nefndin skuli útbúa gæðaviðmið fyrir gerð marklýsinga.

2.0

Stefna og leiðbeiningar MHN varðandi marklýsingar.

MHN hefur gefið út stefnuskjalið „marklýsingar sérnáms“ sem lýsir tilgangi, þróun, ritstýringu, samþykki og útgáfu marklýsinga. MHN hefur einnig gefið út leiðbeiningar um ferli erinda til og frá MHN. Ætlast er til að formleg samskipti við MHN hvað marklýsingar varðar, fylgi þeim ferlum og reglum sem lýst er í skjölum þessum. Í stuttu máli er höfuðáhersla á að aðskilja með skýrum hætti hlutverk og vinnu þeirra aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd sérnáms annars vegar og hins vegar vinnu MHN sem snýst um eftirlit og ráðgjöf.

3.0

Gerð og umgjörð marklýsinga.

Eins og fram kemur í ofangreindum leiðbeiningum MHN, gegnir hver og einn kennslustjóri sérgreinar aðalhlutverki við gerð marklýsingar í sinni grein. Kennslustjórar eiga að njóta stuðnings við þessa vinnu frá yfirlækni sérgreinar, yfirlækni sérnáms, kennsluráði sérgreinar og framhaldsmenntunarráði lækninga. Um ferli útgáfu og formlegra samþykka fyrir marklýsingar, fer skv. ofangreindu skjali. MHN hefur enga aðkomu að því að semja marklýsingar. Yfirlæknir sérnáms á Landspítala eða yfirmaður Þróunarmiðstöðvar heilsugæslu

sendir MHN lokadrög marklýsinga til samþykktar/höfnunar, eingöngu eftir að þessir aðilar telja að marklýsing sé fullsamin og tilbúin til notkunar.

3.1 Inngangur marklýsinga.

3.1.1 Fram þarf að koma að almennur lagagrundvöllur marklýsingarinnar sé m.a. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 (ein setning). Og að marklýsingin eigi sér sérstaka stoð í reglugerð nr. 856/2023 (ein setning). Einnig þarf að koma fram að innihald marklýsingarinnar sé í fullu samræmi við þá stefnu og þær reglur sem er að finna í Gullbókinni (ein setning).

3.1.2 Fram þarf að koma að markmið námsins sé m.a. að auka gæði í lækniþjónustu á Íslandi og að stuðla að sjálfbærni í mönnun til lengri tíma og jafnvægi í rekstri viðkomandi sérgreinar, á landsvísu (ein til tvær setningar).

3.1.3 Erlendar fyrirmyndir.

Ætlast er til þess að allar marklýsingar sem unnið er eftir á Íslandi taki mið af, og eigi sér fyrirmynd í, marklýsingum sem gefnar hafa verið út í sömu sérgrein af a.m.k. einum af eftirtöldum aðilum:

- a. Þar til bæru stjórnvaldi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.
- b. Evrópsk félagasamtök svo sem CPME, UEMS, Royal College of Physicians/General Medical Council í Bretlandi, eða sambærileg alþjóðleg samtök.

Geta þarf með skýrum hætti, hverjir af þessum útgefendum séu helsta fyrirmyndin, og hvort fyrirmyndin sé sótt til eins þeirra, tveggja eða allra.

4.0 Nánar um innihald marklýsinga.

Eftirfarandi umfjöllun/fyrirsagnir þurfa að vera til staðar í öllum marklýsingum ásamt viðeigandi umfjöllun í texta undir hverri fyrirsögn. Sé umfjöllun um eftirfarandi efnisatriði ekki í marklýsingu, verður hún ekki samþykkt af MHN. (Fyrirsagnirnar eru að fyrirmynd UEMS: [European training requirements | uems.eu](https://www.uems.eu).)

4.1 Innihald náms/þjálfunar og hvernig það leiðir til lærdóms (e. learning outcomes) og hæfni eða hæfnistigs (e. levels of competencies). Hæfni er samsett úr þrennu; þekkingu, færni í einstökum þáttum starfsins og fagmennsku. Sjá skilgreiningar á ensku neðanmáls.*

4.2 Nánar um innihald þjálfunar og lærdóms (e. content of training and learning outcomes).

4.2.1 Fræðileg þekking

4.2.2 Praktísk og klínísk færni

Lykilfærni í sérgreininni og fjöldi inngripa/aðgerða sem þarf að ná

4.2.3 Hæfni og stig hennar (e. levels of competencies).

*Definition of competency: knowledge, skills and professionalism.

'Learning Outcomes' means statements of what a learner knows, understands and is able to do on completion of a learning process, which are defined in terms of knowledge, skills and competence.

4.3 Skipulag náms/þjálfunar

4.3.1 Inntökuskilyrði

4.3.2 Tímalengd

4.3.3 Námskrá (e. curriculum of training)

4.3.4 Skráning og mat

Loggbók/portfolio sem nemandi ber ábyrgð á

Kerfisbundið mat (dæmi: MiniCEX, DOPS, umræður um tilfelli,
endurgjöf frá samstarfsfólki og/eða sjúklingum

Mat við námslok

4.3.5 Stuðningur við námslækna

4.3.6 Stjórnun námsprógramms (e. governance)

4.4 Nám og þjálfun kennara

4.4.1 Ferli viðurkenningar

Hæfni og reynsla kennara

Lágmarkshæfni kennara (e. core competencies)

4.4.2 Gæðastjórnun fyrir kennara

Útgáfudagur skjals: 15.01.25.

Endurskoðist fyrir: ekki seinna en 15.01.26.